

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

#### *Nýbýlavegur 2-12. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar 22. september 2020 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðirnar við Nýbýlaveg 2-12.

Í breytingunni felst að fallið verður frá sameiginlegri lóð húsanna að Nýbýlavegi 2 til 12 fyrir niðurgrafna bílageymslu og að lóðarmörk lóða stækka í samræmi við það. Fallið verður frá heimild fyrir samtals 46 íbúðir á Nýbýlavegi 4, 6 og 8 og í stað þess gert ráð fyrir nýju 4.600 m<sup>2</sup> atvinnuhúsnæði. Á Nýbýlavegi 6 er gert ráð fyrir einni íbúð. Ekki er gert ráð fyrir breytingu á heildarbyggingarmagni, fjölda bílastæða og hæð húsa á umræddum lóðum miðað við gildandi deiliskipulag. Fallið verður frá áætlun um atvinnuhúsnæði í suðurhluta byggingarreits Nýbýlavegar 10 og veitt heimild fyrir 33 íbúðum auk bílageymslu og stoðryma í kjallara. Heildarfjöldi íbúða á lóðinni eftir breytingu verður 80 íbúðir. Heildarflatarmál eykst í 10.615 m<sup>2</sup> og byggingar hækka um eina hæð á hluta byggingarreitna. Nýtingarhlutfall lóðar hækkar úr 2,9 í 3,1 og fjöldi bílastæða eykst úr 92 í 114 stæði, eða 1,3 bílastæði á íbúð. Krafa er gerð um það að þegar framkvæmdir við bílageymslur á norðurhluta lóðanna 2 til 12 hefjast verði annaðhvort gerð sér innkeyrsla í hverja bílageymslu fyrir sig eða að lóðarhafar hafi samráð um aðkomur í bílageymslur. Heildarstækkun lóða verður 4.417 m<sup>2</sup> sem skiptist niður á lóðir eins og greint er frá í sérákvæðum fyrir lóðirnar.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Þorrasalir 37. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar 13. október 2020 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðina Þorrasali 37. Í breytingunni felst stækkun lóðarinnar um 145 m<sup>2</sup> til vesturs í átt að sveitarfélagamörkum Kópavogs og Garðabæjar og 105 m<sup>2</sup> viðbygging á einni hæð við núverandi einbýlishús á lóðinni. Þá er gert ráð fyrir þakverönd ofan á fyrirhugaðri viðbyggingu. Við breytinguna eykst byggingarmagn á lóðinni úr 287 m<sup>2</sup> í 392 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall hækkar úr 0,48 í 0,53 vegna stækkunar á lóðinni.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 30. nóvember 2020.*

**Birgir Hlynur Sigurðsson** skipulagsstjóri.